

AUGLÝSING

**frá ríkisskattstjóra um skil á upplýsingum vegna tekjuársins 2020,
sbr. reglugerð nr. 1240/2015, með síðari breytingum.**

Tilkynningaskyldar fjármálastofnanir, sbr. 1. og 2. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 1240/2015, um framkvæmd áreiðanleikakannana vegna upplýsingaöflunar á sviði skattamála, skulu skila upplýsingum um erlenda reikningshafa, þó ekki bandaríska, til Skattsins vegna ársins 2020 eigi síðar en 31. maí 2021.

1. Tilkynninga- og upplýsingaskylda tekur til reikninga erlendra aðila, (innlásreikninga, vörslureikninga, vátryggingasamninga að tilteknu peningavirði og lifeyrissamninga). Þegar áreiðanleikakönnun skv. reglugerðinni leiðir í ljós að reikningshafi sé erlendur aðili, þ.e. einstaklingur eða lögaðili, skal skila m.a. eftirfarandi upplýsingum:
 - a) Nafni, heimilisfangi og erlendri skattkennitölu sérhvers tilgreinds erlends reikningshafa (einstaklinga og lögaðila) sem á eða fer með tilkynningaskyldan reikning. Ef reikningshafi er lögaðili sem ekki telst vera erlendur en áreiðanleikakönnun skv. reglugerðinni leiðir í ljós að lögaðilinn hefur einn eða fleiri stjórnandi aðila, sem teljast vera erlendir aðilar, skal skila upplýsingum um nafn, heimilisfang og erlenda skattkennitölu sérhvers þess erlenda aðila sem telst vera stjórnandi aðili, sbr. 40. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 1240/2015.
 - b) Reikningsnúmeri eða ígildi þess.
 - c) Reikningsstöðu í árslok 2020. Hafi reikningi verið lokað á árinu 2020 skal staða reiknings vera núll.
2. Til viðbótar við framangreindar upplýsingar skal einnig skila eftirfarandi upplýsingum:
 - a) Sé um innlásreikninga að ræða skal skila upplýsingum um heildarfjárhæð greiddra eða tekjfærðra vaxta á árinu 2020.
 - b) Sé um vörslureikning að ræða skal skila upplýsingum um heildarfjárhæð greiddra vaxta, arðs og annarra tekna, þ.m.t. sölu- og gengishagnað, sem myndast hefur vegna ávöxtunar þeirra eigna sem viðkomandi vörslureikningur hefur að geyma og hafa verið færðar sem tekjur inn á reikninginn (eða með tilliti til reikningsins) á árinu 2020.
3. Sé reikningshafi óvirkur lögaðili sem ekki er fjármálastofnun, sbr. 42. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 1240/2015, skal upplýsa um nöfn, heimilisföng og erlendar skattkennitörlur þeirra eigenda lögaðilans sem teljast erlendir aðilar.
4. Hafi fjármálastofnanir, sem falla undir tilkynningaskyldu, enga reikninga í eigu eða umráðum erlendra aðila skulu þær engu að síður staðfesta, í samræmi við skilalýsingu, að svo sé með því að skila núllskýrslum til Skattsins.

Ef skilað er röngum eða ófullnægjandi upplýsingum til Skattsins eða ef þær eru á annan hátt ekki samkvæmt skilalýsingu, skal tilkynningaskylda fjármálastofnunin eftir atvikum greiða þann kostnað sem af því kann að hljótast.

Upplýsingunum skal skilað rafrænt samkvæmt lýsingu á vef Skattsins á slóðinni:

<https://www.rsk.is/fagadilar/hugbunadarhus/crs/>.

Allar fyrirspurnir um ofangreind gagnaskil má senda á netfangið: gagnaskil@skatturinn.is.

Auglýsing þessi er birt skv. 92., 93. og 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 1240/2015, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 15. apríl 2021.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.